

Skipagjöld teljast í gjaldskrá þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 23. mars 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaefirlits flugmálastjórnar.

### 1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5700 kg að þyngd greiðast kr. 4.00 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 4 000.00.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5700 kg að þyngd greiðast kr. 20 000.00 að viðbættum kr. 1.00 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

### 2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Flugnemi .....	kr. 1 000	kr. 1 000
Einkaflugmaður .....	— 2 000	— 1 400
Atvinnuflugmaður .....	— 4 000	— 2 000
Atvinnuflugmaður m. m. prófi .....	— 6 000	— 2 000
Blindflugsréttindi .....	— 5 000	— 2 000
Flugkennararéttindi .....	— 3 000	— 2 000
Loftsiglingafræðingur .....	— 8 000	
Flugumsjónarmaður .....	— 6 000	
Flugvélavirki (tegundarréttindi) .....	— 2 000	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 1 000.00.

### 3. Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurlflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 112 26. mars 1974, um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 25. mars 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*